

**Nd.**

**449. Rökstudd dagskrá**

samþykkt í Nd. 3. júlí.

Flutningsmaður: Jörundur Brynjólfsson.

(Frv. til laga um einkaleyfi til að þurka kjöt með vjelaafli á Íslandi, þgskj. 255).

Þar sem engar upplýsingar liggja fyrir um það, hvar komið er undirbúningi þessarar nýju kjötpurkunaraðferðar, telur deildin ekki gerlegt að ráða málinu til lykta að þessu sinni og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.